

Stefnumörkun EEA 2004–2008



Forsaga

Umhverfisstofnun Evrópu var stofnuð samkvæmt EEC reglugerð 1210/90 frá árinu 1990 (breytt með EC reglugerð 933/1999 og EC reglugerð 1641/2003). Sú ákvörðun að láta hana starfa í Kaupmannahöfn var tekin árið 1993 og stofnunin hefur verið starfrækt frá árinu 1994.

Umhverfisstofnunin er í fararbroddi stofnana í Evrópu sem leitast við að koma á framfæri tímabærum, nákvæmum, málefnalegum og áreiðanlegum upplýsingum handa stefnumótendum, svo og handa almenningi, til að styðja sjálfbæra þróun og til að koma á verulegum og mælanlegum framförum í umhverfismálum Evrópu.

Störf stofnunarinnar eru meðal annars fólgin í því að samræma Eionet, að safna saman sameiginlegum umhverfisupplýsingum frá Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, aðildarríkjum EEA, alþjóðlegum stofnunum, sáttmálum og samningum og greina þær, til að setja saman ráðleggingar sem að gagni koma við stefnumótun og að lokum að koma öllum þessum upplýsingum á framfæri sem víðast.

Þessi stefnumörkun EEA 2004–2008 er þriðja fjölára verkáætlun stofnunarinnar. Hún var samþykkt á fundi Framkvæmdastjórnar EEA 25. nóvember 2003.

EEA löndin



- Aðildarlönd
- Samstarfslönd

Stefnumörkun EEA 2004–2008

Forsíða: EEA
Uppsetning: Brandpunkt a/s

Athugasemd um lagaleg atriði

Ekki er víst að innihald þessa skjals endurspegli opinber viðhorf Framkvæmdastjórnar ESB eða annarra stofnana Sambandsins. Hvorki EEA né nokkur annar aðili eða fyrirtæki sem kemur fram fyrir hönd stofnunarinnar er ábyrg fyrir notkun upplýsinga sem fengnar eru úr þessu skjali.

Allur réttur áskilinn

Engan hluta þessa efnis má endurgera í neinni mynd eða með neinum hætti, hvorki með rafeindabúnaði eða vélvirkum búnaði, þar á meðal með ljósritun, upptökum eða með gagnaleitarbúnaði, án skriflegs leyfis réttthafa hugverka. Mikið af upplýsingum um ESB er fyrir hendi á Internetinu. Hægt er að nálgast það í gegnum (<http://europa.eu.int>).

Cataloguing data can be found at the end of this publication.

Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities, 2004

ISBN 92-9167-655-1
© EEA, Copenhagen, 2004

European Environment Agency
Kongens Nytorv 6
DK-1050 Copenhagen K
Denmark
Sími:(45) 33 36 71 00
Fax:(45) 33 36 71 99
Netfang: eea@eea.eu.int
<http://www.eea.eu.int>

Formáli formanns framkvæmdastjórnar EEA

Svo vill til að upphafsdagur þessarar nýju 5-ára áætlunar EEA er jafnframt fyrsti dagur minn í stóli formanns framkvæmdastjórnar EEA. Það er mér mikill heiður að hafa verið valinn til að taka við þessu mikilvæga starfi og ég hlakka til að vinna náið með stjórnarmönnum og með framkvæmdastjóranum, Jacqueline McGlade, að því að koma í framkvæmd stefnumálum stofnunarinnar á komandi árum.

Fyrir hönd stjórnarmanna þakka ég fráfarandi formanni, Kees Zoeteman, fyrir þann dugnað og ósérhlífni sem hann hefur sýnt í störfum sínum og þá frábæru stjórnun sem hann hefur sýnt á undanförunum fjórum árum. Við óskum honum alls velfarnaðar í störfum hans á komandi árum.

Þegar ég lít fram á veginn og hugleiði hvernig málin muni þróast á næstu fimm árum, er tvennt sem mér sýnist að ráða muni miklu um þróun stofnunarinnar.

Þá er fyrst að nefna sameiningu Evrópu, en þar gengur EEA á undan með góðu fordæmi. Aðildarríki Evrópusambandsins verða 25 talsins hinn 1. maí 2004, en EEA er þegar komið með 31 aðildarríki, þar á meðal Rúmeníu, Búlgaríu og Tyrkland. Við vinnum einnig náið með löndunum á vestanverðum Balkanskaga. Ekki er nóg með að EEA bæti og auki upplýsingaflæðið um umhverfismál, heldur leggur stofnunin sitt af mörkum til að þróa þessi ríki áfram og efla stöðugleika meðal þeirra, en það stuðlar að friði og farsæld í Evrópulöndunum öllum.

Í öðru lagi vil ég nefna hina auknu áherslu sem lögð verður á að fylgjast með því hver verður árangur stefnumótunar í umhverfismálum. Til að geta sannfært stjórnmalamenn og allan almenning um að mótuð stefna í umhverfismálum sé nauðsynleg og gagnleg samfélaginu í það heila tekið, verðum við að geta sýnt fram á að hún skili raunverulegum og verulegum árangri. Ég fagna því að Framkvæmdastjórn ESB lítur einnig svo á að EEA hafi hlutverki að gegna á þessu sviði. Við stefnum að náinni samvinnu við Framkvæmdastjórnina til að ná settum markmiðum.

Lars-Erik Liljelund

Formáli formanns vísindanefndarinnar

Vísindanefndin fagnar forgangsröðun EEA fyrir næstkomandi fimm ár og styður hana heilshugar. Á grundvelli hennar getur stofnunin aukið mjög og bætt upplýsingamiðlun sína um umhverfismál, náttúrunni sjálfri og íbúum Evrópu til mikilla hagsbóta.

Nefndin væntir þess að eiga nokkurn þátt í þessari framþróun. Umhverfisstofnunin ætti ekki sjálf að standa fyrir rannsóknum, heldur ættu hún að byggja þær upplýsingarnar sem hún miðlar á samþættum nýjustu niðurstöðum vísindanna. Þeir sem sæti eiga í nefndinni eru allir mjög virtir vísindamenn og til samans þekkja þeir vel sérfræðisviðin sem við sögu koma í starfsemi stofnunarinnar. Hlutverk okkar er þess vegna í því fólgið að tryggja náð samband milli vísindanna og vettvangs stofnunarinnar og fjalla um það sem fram fer á vegum hennar með gagnrýnum huga.

Hvergi er þessi samtenging milli vísindasamfélagsins og stefnumótunar eins mikilvæg og í frekari þróun og fullkomnun vísitalna. Að setja fram flókin vísindaleg sannindi, kenningar og tilgátur í auðskiljanlegum og almennt viðurkenndum vísitölum er eitt af helstu markmiðum stofnunarinnar. Að útbúa vísitölur sem sýna tengslin milli hinna umhverfislegu, félagslegu og efnahagslegu hliða sjálfbærrar þróunar er mikið og krefjandi verkefni. En það er einnig mikil þörf á samsettum vísitölum sem hafa að geyma gríðarmiklar upplýsingar um efni á mörgum sviðum. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er að uppfylla þarfirnar án þess að missa sjónar af þeirri þróun sem liggur að baki þessum samsettu tölum, en hún er bæði flókin og mótsagnakennd.

Að lokum vil ég leggja áherslu á það hve mikilvægt er að tryggð séu gæði gagna og matsniðurstæða og að reynt sé eftir megni að magnáætla óvissuþætti. Greinileg og skýr framsetning er afar mikilvæg í þessum efnum svo að þeir sem gögnin eru útbúin fyrir og allur almenningur hafi full not af þeim. Vísindanefndin er einmitt að fjalla um þessi mál og vonast til þess að geta veitt stofnuninni stuðning sem um munar í því sambandi.

Bedrich Moldan

Formáli framkvæmdastjórans

Lífsgeði okkar fara að miklu leyti eftir umhverfinu sem við hrærumst í engu síður en eftir þróun félagslegra og efnahagslegra þátta. EEA leggur sitt af mörkum til að tryggja framfarfarsæld Evrópubúa með upplýsingum til stefnumótenda og til alls almennings, um ástanda umhverfismála. Leitast er við að láta þessar upplýsingar koma þegar þeirra er þörf, að þær snerti kjarna málsins og séu áreiðanlegar.

Vinnuumhverfi stofununarinnar er stöðugt að breytast. Upphaflega var henni ætlað að veita upplýsingar um umhverfismál en nú hafa Evrópuþingið, Framkvæmdastjórn ESB og aðildarríkin farið þess á leit við hana að hún sinni ekki einungis skýrslugerð og ráðgjöf í tengslum við umhverfismál og tæknileg atriði náttúruverndar og sjálfbærrar hagnýtingar náttúruauðlindanna, heldur að hún kanni og fylgist með gagnsemi og beitingu helstu ákvarðana um umhverfismál og stefnumótun fyrir geira atvinnulífsins. Á næstu fimm árum mun stofnunin færa út kvíarnar og hefja stuðning við margskonar stefnumótunarferli. Það mun verða gert með því að útbreiða þekkingu á umhverfismálum Evrópu og þeim aðgerðum sem gripið verður til í því skyni að vernda náttúruna.

Eitt af brýnustu málefnum aðildarlandanna er þörfin fyrir liprara og öruggara gagnaflæði. Á næstu fimm árum mun EEA vinna með helstu alþjóðlegum samstarfsaðilum sínum, þar á meðal með Framkvæmdastjórn ESB (einkum Eurostat og JRC), OECD og ýmsum skrifstofum alþjóðlegra samninga, til að koma á kerfi sem er þannig að gögn landanna séu einungis send á einn og sama stað þó þau séu ætluð fleiri aðilum. Til að styðja við þessa aðgerð mun stofnunin víkka út og endurbæta gæðaeftirlit með upplýsingum sem hún hagnýtir. Það mun hún gera með því að koma á stórnunarkerfi og gæðaeftirliti sem tekur til allra þátta starfseminnar. Kerfið verður opið öllum í tenglaneti EEA, opinberum stofnanunum, öðrum stofnunum, frjáslum samtökum, atvinnugeirum og sérfræðingum, svo að hægt sé að fylgja eftir ferli gagna frá upphafi til endanlegrar hagnýtingar þeirra. Þessi starfsemi mun styðjast við endurbættar áætlanir um aukna getu til umhverfisrannsókna og gagnaúrvinnslu hjá hinum nýju aðildarríkjum.

Starfsmenn EEA vinna hörðum höndum að því að ná þeim markmiðum sem tekin eru fram í löggjöf og framkvæmdaáætlunum Framkvæmdastjórnar ESB fyrir stækkun Sambandsins, stöðugleika og öryggi, sjálfbæra þróun og hagkerfi sem skilur engan útundan. Með samþættum aðgerðum við mat á því hvort umhverfinu hefur hrakað eða farið fram, getur EEA veitt alveg einstaka sýn á umhverfisálagið innan allra geira atvinnulífsins og hinna ýmsu sviða stefnumótunar. Stofnunin mun á næstu fimm árum stefna að því að efla getu sína á þessum sviðum enn frekar með því að setja fram margskonar samþætt mat á gagnkvæmum áhrifum helstu geira atvinnulífsins og umhverfisins, svo og ýmsar athuganir á væntanlegri þróun og lýsingum á ákveðnum þáttum til að bregðast við hugsanlegum umhverfisógnum eða til að koma auga á tækifæri til að koma á raunhæfu, öruggu og traustu mynstri fyrir sjálfbæra þróun.

Jacqueline McGlade

Efnisyfirlit

Formáli formanns framkvæmdastjórnar EEA	iii
Formáli formanns vísindanefndarinnar	iv
Formáli framkvæmdastjórans.....	v
Mótun EEA	1
Skipulag EEA og tenglaneta	2
Samþætt sýn á hlutina	3
Umhverfismál Evrópu: Sjöttu aðgerðaáætluninni fyrir umhverfismál.....	4
Upplýsingakerfi og tenglanet	5
Baráttan gegn loftslagsbreytingunum	7
Baráttan gegn hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika — orsakir rýmisbreytinga	8
Heilsuvernd og lífsgæði	9
Sjálfbær hagnýting og stjórnun auðlinda náttúrunnar og förgunar úrgangs.....	12
EEA í hnattrænu samhengi.....	13
Stuðningur við sjálfbæra þróun og stefnumótun í umhverfismálum.....	14
Fjárhags og starfsmannasjórn.....	17

Mótun EEA




Skipulag EEA og tenglaneta

EEA mun ljúka endurskipulagningu sinni í janúar 2004, í tæka tíð svo að hægt verði að hefja störf samkvæmt þessari stefnumörkun fyrir árin 2004–2008. Hinu nýja fyrirkomulagi er ætlað að koma meira til móts við breyttar þarfir helstu samstarfsaðila og notanda og veita skýrari og betri aðgang að gögnum, upplýsingum og einstökum sérfræðingum. Myndaðir hafa verið starfshópar til að vinna að betri samþættingu þess sem gert er í sambandi við greiningu á geirum atvinnulífsins, greiningu á mótun stjórnarstefnu og fullkomnun nýrra upplýsingakerfa sem taka till rýmisupplýsinga, framtíðarmyndir og mati á mikilvægum sviðum eins og vatni, lífrænum fjölbreytileika, kemískum efnum, úrgangi, ástandi lofta, loftslagbreytingum og umhverfi og heilsu.

Til að koma á virkari samskiptum við Evrópuþingið, Framkvæmdastjórn ESB, aðrar stofnanir ESB, aðildarríkin og samstarfsaðila um víða veröld, hefur verið sett á laggirnar deild fyrir Stofnunarmálefni. Þessi nýja deild er hugsuð til að auðvelda gerð ýmissa nýrra afurða og þjónustu, eins og t.d. EEA Briefings og margmiðlunarefnis. Auk þess sér deildin um þróun samskipta.

EEA er netstofnun sem byggir starfsemi sína að miklu leyti á sambandinu við Eionet, í því skyni að veita ráðgjöf og vinna efni fyrir vísitölur, gagnaflæði og bættar upplýsingar. Upplýsingum um stöðu mála hvað varðar það hve vel mótaðri stefnu er fylgt er nú stýrt í gegnum nýtt tenglanet evrópskra umhverfisstofnana. Á næstu fimm árum mun EEA halda áfram að efla tenglanet sín og leitast við að stækka þau með virkri þátttöku þeirra sem hlut eiga að máli, til að styðja gerð framtíðamynda og mat á mótaðri stefnu, svo og til að tryggja gæði gagna.

Helstu áfangar í stefnumótunarferlinu, studdir gögnum, upplýsingum og þekkingu



Sambætt sýn á hlutina

Umhverfispættir og þættir er tengjast geirum atvinnulífsins

Stefna EEA er í fullu samræmi við ákvæði Sjöttu umhverfisaðgerðaáætlunar ESB. Stofnunin starfar á fjórum aðalsviðum: Hún vinnur gegn loftslagsbreytingum og hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika/leitar orsaka rýmisbreytinga, leitast við að efla heilsuvernd og lífsgæði, hagnýtingu og stjórnun náttúruauðlinda, og vinnur gegn tilurð sorps. Á öllum þessum sviðum eru að verki margskonar áhrifavaldar bæði félagslegir og þeir er tengjast hinum ýmsu geirum atvinnulífsins. Á næstu fimm árum mun EEA gera margháttaðar rannsóknir á tengslum þessara þátta og þeirra hluta sem hafa áhrif á hina ýmsu umhverfispætti. Nokkrar helstu vísitölurnar verða hagnýttar við skýrslugerð um áhrif hinna ýmsu geira atvinnulífsins á þróun umhverfismála og ástand vistkerfa.

	Loft	Líffræðilegur fjölbreytileiki	Ferskvatn	Haf	Land og jarðvegur
Umhverfismál					
Baráttan gegn loftslagsbreytingum	■	■	■	■	■
Baráttan gegn hrörnun líffræðilegs breytileika	□	■	■	■	■
Átak til að efla heilsuvernd og bæta lífsgæði	■	■	■	■	■
Sjálfbær nýting og stjórnun náttúruauðlinda og förgunar úrgangs	□	□	■	■	■
Þættir er tengjast geirum atvinnulífsins					
Landbúnaður	■	■	■	■	■
Kemísk efni	■	■	■	■	■
Orkumál	■	□	■	■	■
Samgöngur	■	■	□	□	■
Landnýting — þróun og skipulagning	□	■	■	□	■
Alþjóðleg umfjöllunarefni	■	■	■	■	■

■ Meiriháttar starfssvið EEA □ Minniháttar starfssvið EEA



Umhverfismál Evrópu

Upplýsingakerfi og tenglanet

EEA/Eionet upplýsingakerfinu var komið á fót til að styðja hverskonar starfsemi EEA og Eionet í tengslum við flæði gagna og upplýsinga til EEA, bæði frá löndunum og öðrum aðilum, og frá EEA í formi upplýsinga, matsgerða og þekkingar sem beint er til landanna, stofnana ESB og annarra aðila. Kerfið samanstendur af fólkinu og stofnunum í tenglanetinu, samvinnu þeirra, svo og af öllum innviðum og rafeindabúnaði sem hagnýttur er í því sambandi.


Á næstu fimm árum verður það forgangsverkefni hjá EEA að bæta kerfið til að styðja enn betur við þróun alls þess sem stofnunin útbýr og sendir frá sér, að ógleymdri þjónustunni sem hún veitir, auk þess að útvíkka tenglanetið og bæta við afkastagetu þess. Gæðaeftirlitskerfi verða innleidd og styrkt til að tryggja staðlaða framsetningu og skýrari skilgreiningu gagna handa notendum. Ennfremur hyggst stofnunin leggja sitt af mörkum til endurskoðunar þeirrar sem Framkvæmdastjórn ESB stendur fyrir á skýrslugerð, og stækka umfang upplýsingakerfisins og gera það að samþættu, almennu rýmis-upplýsingakerfi,

samþættu, almennu, rýmis-upplýsingakerfi tengdu Inspire (inviðir fyrir rýmis-upplýsingar í Evrópu) og GMES (hnattræn umhverfis- og öryggisvöktun).

(a) Grunn-vísitölur

Helsta markmiðið með því að útbúa vísitölur er að koma á framfæri upplýsingum á skýran og einfaldan hátt. Vísitölurnar eru settar fram til að upplýsa um atriði sem skipta máli í sambandi við þá stefnu sem mótuð hefur verið í einstökum málum. Þær byggjast á gögnum sem allir hafa aðgang að. Almennt má segja að vísitölur samþætt marga mismunandi flokka gagna, og að þær hjálpi mönnum að koma auga á ýmisskonar þróun sem liggur að baki flókinna fyrirbæra.

Á síðastliðnum fimm árum hefur stofnunin unnið að því að þróa ákveðinn fjölda grunn-vísitalna, til að endurspeglar ástand umhverfismála í samhengi við greiningu efnahagsmála, félagslegrar þróunar og beitingu mótaðrar stefnu. Á fyrstu árunum eftir að þessi stefnumörkun er sett, mun stofnunin vinna að því að festa í sessi grunn-vísitölurnar og gagnaflæði, þeim tengt, frá löndunum. Þessar upplýsingar verða síðan notaðar af EEA og Eionet til að fylgjast með framförum í Evrópu allri, til að bera þær saman við markmiðin, og jafnframt til að setja upp viðmiðanir fyrir frammistöðu landanna í umhverfismálum, með samanburðarhæfum gögnum og samræmdum aðferðum.



(b) Að gera kerfið einfaldara og virkara

Tenglanetið verður færð út svo að hægt verði að þróa og koma fram með nýjar afurðir og veita nýja þjónustu á næstu fimm árum, til dæmis á sviði sjálfbærrar þróunar.

Stofnunin mun meta frammistöðu landanna í því að skila frá sér vönduðum gögnum. Það verður gert með Eionet skýrslunum um þau gagnafæði sem hafa forgang.

Stofnunin mun efla tengslin við aðrar stofnanir sem tengjast gagnafæði (þ.m.t. rýmisgögn) og vísitölur, fyrst og fremst innan OECD, Eurostat og JCR. Einkum sér stofnunin sér hag í upplýsingum frá Hnatrænu umhverfis- og öryggisvöktuninni (GMES).

Haldið verður áfram að þróa rafeindabúnaðinn, innviðina, og samskiptaferlin undir Reportnet kerfinu. Til þess verða notaðir fjármögnun frá bæði Framkvæmdastjórn ESB og EEA. Við þetta verður upplýsingafæðið virkara, gegnsærra og gagnast betur á mörgum mismunandi sviðum.

Gagnaskemma EEA mun verða gagnleg við gerð grunn-vísitalanna. Það mun mynda umgjörð utan um greiningu sem gengur þvert á hina ýmsu geira atvinnulífsins. Notuð verða gagnvirk tól sem gera mönnum kleift að greina umhverfisgögn, setja fram vísitölumiðað mat til eigin nota og sýna hvaða aðferðir henta best.

(c) Samskiptaþjónusta fyrir almenning

EEA mun styrkja samskiptakerfi sín til að ná til helstu notanda sinna og alls almennings og mun stofnunin beita til þess hagkvæmustu aðferðum sem völ er á.

Á næstu fimm árum verður opnaður aðgangur að nýrri korta-vefgátt á Netinu, þar sem boðið verður upp á hverskonar efni, bæði landshluta- og svæðisbundið. Markmiðið er að veita almenningi aðgang að upplýsingum um umhverfi sitt. Með því að slá inn póstnúmer eða með því að nota gagnvirk landakort og tól, verður hægt að finna efni um margt sem hefur áhrif á loft, lág og lög, og að auki upplýsingar um viðkomandi aðgerðir og reglugerðir til umhverfisverndar. Vefgáttinni verður komið á með samhæfðri starfsemi EEA við starfsmemi annara stofnana ESB, stofnana Sameinuðu þjóðanna og annara alþjóðlegra stofnana og ýmsissa stofnana aðildarlandanna.

Í kerfinu veitist mönnum aðgangur að margskonar gögnum um ástand umhverfismála, bæði gömlum og nýjum. Dæmi: Á árinu 2004 verður Evrópski gagnagrunnurinn um losun mengandi efna opnaður hjá EEA. Þar verður hægt að nálgast upplýsingar um losun mengunarefna frá tilteknum atvinnurekstri á tilgreindum svæðum. Á næstu fimm árum mun stofnunin fylgjast nánar með mörgum þáttum þessara mála og á árinu 2008 verður komið á laggirnar kerfi sem nær yfir öll landsvæði aðildarríkja EEA.

Komið verður einnig upp vef- og margmiðlunarþjónustu til gagns og upplýsinga fyrir ungu kynslóðina.

Baráttan gegn loftslagsbreytingunum

Hjá ESB er gríðarmikil áhersla lögð á að hægja á eða stöðva loftslagsbreytingar. Margt af því sem unnið er að, þar á meðal orkusparnaður, þróun endurnýtanlegra orkulinda, sjálfbærra samgangna, verslun með losunarkvóta, svo og sveigjanlegu Kyoto ákvæðin, mun ráða miklu um hvernig til tekst við að ná markmiðunum sem aðildarríkin hafa sett sér.

Stofnunin leggur sig fram við gerð mats og greiningarúrræða til að styðja við Kyoto bókunina og jafnframt veitir hún ráðgjöf og útbýr yfirlit fyrir Framkvæmdastjórn ESB, Evrópuþingið og Forsetaskrifstofurnar ESB til að efla þá þætti stefnunnar í loftslagsmálum sem beinast bæði að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í samgönguugeiranum, orkuugeiranum, iðnaði og landbúnaði, og að því að efla stefnumótun til að laga umsvif okkar manna að yfirvofandi loftslagsbreytingum.



Á næstu fimm árum verður forgangsöröðun EEA eins og hér segir:

(a) Mat á árangri í tengslum við Kyoto markmiðin og við áform um jöfnun byrði

Stuðningur við framkvæmd UNFCCC Kyoto bókunarinnar og skuldbindingar ESB og aðildarríkjanna um 'jöfnun byrði' (á árunum 2008–2012). Þar á meðal er átt við þau markmið að fram að árinu 2005 eigi að vera hægt að sýna fram á árangur hvað þetta varðar. Hér er einnig átt við stuðning við þau markmið ESB að fram að árinu 2010 verði dregið úr orku hjá Sambandinu um 1 % á ári umfram það sem fyrirhugað var, og að auka fram að árinu 2010 hlutfall endurnýtanlegrar orku upp í 12 % af heildarorkunotkuninni. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði meðal annars:

- mat á því hvernig gengur að uppfylla markmið Kyoto bókunarinnar og mat á virkni mótaðrar stefnu aðildarríkjanna og ESB;
- vöktun á gróðurhúsalofttegundum, skráning og gerð yfirlita í því sambandi;
- samanburður á Evrópu og öðrum heimshlutum hvað þessa hluti varðar.

(b) Áhrif loftslagsbreytinga, aðlögun og framtíðarmyndir

Stuðningur við ESB í baráttunni við að koma á alþjóðasamningi um meiri niðurskurð losunar eftir að tímabili fyrstu Kyoto skuldbindinganna (2008–2012) lýkur. Sú viðleitni er í samræmi við langtímamarkmið ESB um að hitastigið hækki ekki nema um 2 °C umfram hitann eins og hann var fyrir Iðnbyltinguna, sem táknað að þegar til lengri tíma er litið verður losun gróðurhúsalofttegunda að dragast saman um 70 % miðað við það sem var 1990. Vinnan við þetta mun einnig gagnast samþættum stefnugreiningum fyrir hina ýmsu geira atvinnulífsins, svo og þeirri stefnu ESB hvað varðar sjálfbæra þróun að auka notkun sjálfbærra orkugjafa, bæði með endurnýtanlegri orku og með því sem sparast með því að nota sparneytnari búnað. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði meðal annars:

- framtíðarmyndir fyrir þróunina innan geira atvinnulífsins og fyrir áhrif loftslagsbreytinga í ESB-25 löndunum;
- mat á áhrifum loftslagsbreytinga og aðlögun að þeim, þar á meðal mat á árstíðabundnum einkennum innan landshluta (t.d. hitastigi, úrkomu og óveðrum);
- samþætt greining á stefnumiðum fyrir geira efnahagslífsins, þar á meðal á hlutverki umhverfistækniþætti;
- að finna í tæka tíð á hvaða svæðum skórin krepptur að og að meta aðlögun að loftslagsbreytingum.

Baráttan gegn hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika – orsakir rýmisbreytinga

Evrópubúum ber skylda til að stöðva hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika og að vernda búsvæði tegunda og svæði sem sérstök ástæða er til að friða. Hjá EEA er mikill áhugi á að styðja við alla slíka viðleitni með því að meta hvað vantar á að markmiðum hafi verið náð, með því að miðla upplýsingum um breytingar á líffræðilegum fjölbreytileika á mismunandi rýmis-kvörðum, með því að kanna tengingar við ýmsa aðra félags- og efnahagslega þróun og ógnir, og með því að kanna hvaða árangur hefur orðið vegna áhrifa stefnumótunar á öðrum sviðum.



Forgangsmálefni næstu fimm ára hjá EEA verða:

(a) Líffræðilegur fjölbreytileiki

Stefnt verður að því að stöðva hrörnun líffræðilegs fjölbreytileika fyrir árið 2010. Það verður gert með mati á þeirri þróun sem á sér stað hvað varðar líffræðilegan fjölbreytileika, í tengslum við störf skipulagsyfirvalda, landbúnað, skógrækt, fiskveiðar, umhverfismengun, jarðvegsmengun og stjórnnum umhverfismála í dreifbýli. Á næstu fimm árum verður meðal annars lögð áhersla á eftirfarandi atriði:

- könnun á því hvað á vantar að markmiðunum fram að 2010 sé náð;
- frammistöðuvísitölur fyrir markaða stefnu fyrir líffræðilegan fjölbreytileika, einkum viðvíkjandi því að vinna að markmiðum Natura 2000 áætlunarinnar og tengslum við markaða stefnu fyrir geira atvinnulífsins;
- mat á ástandi skóga;
- stuðningur við aðildarríkin og Framkvæmdastjórn ESB í tengslum við Natura 2000 og átaksáætlanir fyrir líffræðilegan fjölbreytileika;
- að safna saman öllum tiltækum fróðleik og reynslu hjá aðilum tenglakerfisins til að þróa og fullkomna sameiginlegar aðferðir fyrir vöktun búsvæða og lífvera og til að fylgjast með því hvaða ógnir steðja að þessum búsvæðum og lífverum;
- viðhald gagnagrunna, vefgátta, leiðbeinandi reglna og tenglakerfa;
- þróun árvakurs viðvörunarkerfis til að vara við innrásum framandi lífvera;
- samþætting stefnumótunar fyrir geira atvinnulífsins og greiningar á efnahagslegum þáttum.

(b) Mat á landslagi og rýmisbreytingum

Stuðningur við rýmislegar þarfir framsækings þróunarátaks innan Evrópu og á alþjóðlegum vettvangi. Þar er meðal annars um að ræða helstu þáttatengdar sóknaráætlanir er tengjast sjó og jarðvegi, með sérstakri áherslu á breytingar á landnýtingu á viðkvæmum svæðum og á verndun jarðvegs. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði meðal annars:

- samþætt upplýsingakerfi, sem geymir rýmisleg gögn fyrir umhverfi er tengist náttúru, menningu og mannvirkjum, til að styðja stefnumörkun hvort sem hún tengist umhverfisþáttum eða geirum atvinnulífsins;
- mat á sjálfbærri þróun svæða í Evrópu, í tengslum við líffræðilegan fjölbreytileika og landslagsbreytingar;
- mat á breytingum er tengjast loftslagsbreytingum, eyðimerkurmyndun, jarðvegsrofi, útpenslu borga og búlands, hátækniþúska og mengun;
- Mat á ástandi vistkerfa hafs og stranda.

Heilsuvernd og lífsgæði

Víða í Evrópu hefur verið unnið gegn hinni óskaplegu mengun sem viðgekkst þar á síðustu öld — mengaðar ár, loftmengun, opnir sorphaugar og spilltur jarðvegur. En nú hafa komið fram aðrir skaðvaldar sem ekki eru síður ógnvænlegir, þótt minna beri á þeim. Hér er um að ræða hækkun hitastigs um allan heim, kemísk efni sem rugla starfsemi innkirtla og ofursmáar agnir í andrúmsloftinu.

Ný vandamál kalla á nýjar lausnir og samræmdar aðgerðir gegn öllum þáttum tiltekinna vandamála. Menn verða að taka höndum saman, það verður að breyta neysluvenjunum og efla nýja hugsun í viðskiptum og lífsháttum. Samfélagið verður að gangast fyrir því að koma á breytingum svo að hægt sé að framleiða vörur og neyta þeirra án þess að umhverfinu stafi hættu af. Þetta er hægt að gera á þann hátt að hagsæld aukis og lífsgæði batni mikið, ekki síst í samfélögum sem standa illa í umhverfislegu tilliti.

Umhverfisvandinn birtist í margvíslegum efnahagslegum og félagslegum myndum; samfélagið ræður ekki við erfið mál eins og loftlagsbreytingar, orkumál, samgöngur og heilsufarslegan voða með því að beita einungis aðferðum sem bæta umhverfið. Árangurinn verður lítill nema jafnframt sé tekið á tengdum félagslegum og efnahagslegum þáttum.


Fyrir EEA er þetta mikil áskorun. Það verður að finna nýjar aðferðir og það verður að hugsa hlutina upp á nýtt. Annars láta lausnirnar bíða eftir sér. Á næstkomandi fimm árum munum við kanna notkun fjölmargra aðferða. Þar á meðal má nefna rýmisgreiningu, þróun líkana til að prófa margskonar framtíðarframvindu, efnahagslegar aðferðir og frjálsa samninga. Við munum hagnýta áætlanir um menntamál og almennar skoðanakannanir til að tryggja að tekið verði tillit til umhverfissjónarmiða við skipulagsmál hjá bæjar- og sveitafélögum.

Forgangsmálefni næstu fimm ára hjá EEA verða:

(a) Umhverfi og heilbrigðismál

Til að stuðla að bættu heilsufari manna og meiri lífsgæðum, að svo miklu leyti sem það tengist umhverfismálum, mun EEA styðja átaksáætlun ESB fyrir umhverfis- og heilbrigðismál. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- aðferðafræðilegan ramma fyrir greiningar á umhverfis- og heilbrigðismálum;
- að koma upp ákveðnum fjölda vísitalna fyrir umhverfis- og heilbrigðismál með það fyrir augum að fylgjast með atriðum eins og t.d. ástandi andrúmsloftsins og innanhússmengunar og hvaða áhrif þau hafa á heilsufar manna, í samráði við aðildarríki EEA og Alþjóðaheilbrigðisstofnunina;
- að koma upp Eionet tenglaneti fyrir umhverfis- og heilsufarsmálefni;
- endurskoðað matskerfi fyrir umhverfis- og heilsufarsmálefni;
- samvinnu við European Food Safety Authority.



(b) Kemísk efni

Að styðja við stefnumörkun sem dregur úr þeirri hættu sem stafar af notkun kemískra efna. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- þróun vöktunarramma og upplýsingakerfis yfir þéttni og áhrif kemískra efna og yfir tilvik þar sem slík efni, þ.m.t. varnarefni, hafa valdið skaða á ýmsum svæðum í borgum og sveitum;
- samvinnu við European Chemicals Agency.

(c) Vatnsgæði og rammaregulgerð fyrir vatn

Að stuðla að bættu ástandi grunn- og yfirborðsvatns og að tryggja nægan aðgang að góðu vatni sem ekki er skaðlegt heilsu manna og umhverfinu. Það verður einkum gert með stuðningi við aðgerðir samkvæmt rammatilvísunni fyrir vatn með því að meta hvernig gengur að koma á góðu ástandi vatnssafna fyrir 2015, og jafnframt með því að meta hverskonar upprennandi vá. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- mat á vatnssöfnum í Evrópu;
- frekari þróun Eurowatnet, evrópska tenglanetsins fyrir vöktun vatns, svo að það samræmist skýrslugerð samkvæmt rammatilvísun fyrir vatn og tilvísunum fyrir nítröt, borgarskólþ, drykkjarvatn og baðvatn;
- samþætt upplýsingakerfi, sem nær til rýmisupplýsinga og tengir ferskvatn við strand- og hafsvæði, og upplýsingar á kvarða vatnasvæða.

(d) Hafsvæði

Að styðja við aðgerðir samkvæmt áætlunum ESB í tengslum við hafsvæði, í samvinnu við hafsvæða-ráðstefnur, með því að meta ástandið í haf-vistkerfunum átta sem sem umlykja Evrópu. Sérstaklega verður fylgst með hvaða stefnu þróun vistkerfanna hefur tekið, þ.e. fylgst verður með ofauðgun, mengun og hvort staðið er við löggjöf um umhverfismál. Einnig verður fylgst með stjórnun á sjálfbærri hagnýtingu auðlinda hafsins ásamt félags-efnahagslegri greiningu þeirra. Lögð verður áhersla á eftirfarandi atriði:

- könnun á því hvað á vantar að markmiðunum sé náð;
- könnun á ástandi hinna stóru haf-vistkerfa Evrópu sem byggist á samþættu rýmisupplýsingakerfi til að athuga hvaða stefnu þróun náttúrlegra kerfa hefur tekið og hvaða áhrif mengunarvaldar frá landi hafa á hafsvæðin;
- skipulagningu upplýsingaflæðis fyrir ákvarðanatöku í sambandi við hafsvæðin með því að beita Reportnet og öðrum tiltækum kerfum;
- þróun og fullkomnun framtíðarmyndar fyrir skipulag á strandsvæðum, hagnýtingu auðlinda hafsins og fyrir sjóflutninga í Íshafinu og á Miðjarðarhafi;
- samvinna við European Maritime Safety Agency.

(e) Ástand andrúmsloftsins

Að styðja við aðgerðir sem miða að því að tryggja loftgæði sem ekki eru hættuleg heilsu manna og umhverfinu. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- könnun á því hvað á vantar til að markmiðum sé náð;
- mat á loftmengun á ákveðnum svæðum og innanhúss;
- ástand andrúmslofts og vöktun á losun mengandi efna, þ.m.t. endurbætur á Airbase gagnagrunninum;
- mat á magni mengandi efna í andrúmsloftinu, einkum á borgarsvæðum og á strætum milli hárra húsa.

(f) Borgarsvæði og hávaði


Að styðja við aðgerðir til að bæta lífsgæði í borgarumhverfi. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- mat á breytingum á lífsgæðum og á grænum svæðum í borgum;
- stuðningur við umhverfispáttatengdar áætlanir í borgarumhverfi, einkum hvað varðar vöktun á útþenslu borga, landnýtingu, skýrslugerð og sjálfbærri þéttbýlisstjórn;
- mat á hávaða á tilteknum svæðum.

(g) Hættur af náttúrlegum og tæknilegum orsökum

Að styðja við gerð ramma-löggjafar um aðgerðir til að draga úr hættu og til að samræma kortlagningu á hættu. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- mat á uhverfislegum og efnahagslegum áhrifum náttúrlegra hættuvalda;
- kort yfir landnýtingu og hættu á tæknislysum.



**Skógar
umhverfis
höfuðborgir
Evrópulanda**

Sjálfbær hagnýting og stjórnun auðlinda náttúrunnar og förgunar úrgangs

Sókn samfélagsins í vatn, orku og steinefni færist í vöxt og ef ekkert verður að gert hljótast af erfiðleikar í framtíðarþróun efnahags- og félagsmála. Það færist í vöxt að litið sé á sorp sem hugsanlega auðlind: Endurnotkun og endurvinnsla verður reglan í staðinn fyrir að vera undantekning. Þeim vörum mun fjölga sem verða hannaðar, markaðssetnar og leyfi veitt fyrir þeim, með þeim hætti að umhverfiskostnaðurinn sem af þeim hlýst verður í lágmarki, bæði vegna framleiðslunnar, notkunar þeirra og endaloka.

EEA leggur áherslu á að halda því áfram að veita upplýsingar og stunda matsstarfsemi til að styðja við markaða stefnu í tengslum við sorpmál og sjálfbæra hagnýtingu náttúruauðlinda. Jafnframt leggur stofnunin áherslu á röðun forgangsmálefna, vöktun og eftirfylgni svo og það að finna bestu aðferðirnar til að vinna að þessum mikilvægu málum.

Forgangsmálefni næstu fimm ára hjá EEA verða:

(a) Mat á úrgangi og efnisflæði

Að styðja við þá fyrirætlun sem býr að baki hinum þáttatengdu áætlunum í sambandi við sjálfbæra hagnýtingu náttúruauðlinda og endurvinnslu úrgangs. Að tryggja verulegan samdrátt í magni úrgangs, rjúfa samhengi auðlindahagnýtingar og hagvaxtar, og jafnframt að tryggja að auðlindanotkunin ásamt meðfylgjandi umhverfisálagi verði ekki of mikil. Lögð er áhersla á eftirfarandi atriði:

- stuðning við þáttatengdar áætlanir fyrir sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og endurvinnslu sorps;
- mat á flæði sorps og efnis;
- greining á mótaðri stefnu hvað varðar úrgang og náttúrlegar auðlindir, þ.m.t. á virkni og stöðu aðgerðamats;
- þróun og fullkomnun vísitalna fyrir nýtingu náttúruauðlinda og aðgerða til að koma í veg fyrir tilurð sorps;
- stuðning við aðildarlöndin í sambandi við skýrslugerð um sorp (þ.m.t. Tilvísun um umbúðaúrgang) og skráningu efnisflæðis;
- stuðning við Reglugerð um staðtölugerð fyrir sorp, þ.m.t. skýrslugerð sem Stofnunin hefur tekið að sér að sjá um.

(b) Upplýsingar um bestu aðferðirnar

Til að draga sem mest úr notkun aðfanga og draga eftir föngum úr sorpmyndun verður dreift upplýsingum um aðferðir og annað sem að gagni má koma við það. Áhersla er lögð á eftirfarandi:

- að finna bestu aðferðirnar og leiðirnar og dreifa upplýsingum um það ásamt frásögnum af velheppnuðum aðgerðum.



EEA í hnattrænu samhengi

Eins og tekið er fram í Sjöttu aðgerðaáætluninni fyrir umhverfismál, skiptir miklu máli að öllum hliðum umhverfismála séu gerð rækileg skil í samskiptum ESB um víða veröld. Sú hlið stefnumörkun ESB fyrir sjálfbæra þróun sem snýr út á við tekur á þessari þörf og leggur áherslu á meiri samvinnu við alþjóðastofnanir og þróuð lönd til að auka og efla samvinnu um þróunarmál, gera hana áhrifameiri og sjálfbærari. Mörkuð stefna ESB gagnvart Evrópulöndum utan Sambandsins leggur áherslu á svipaðar hugmyndir um samvinnu sem nær til landanna í Suðaustur-Evrópu, Miðjarðarhafslöndanna og AEKMA (Austur-Evrópu, Kákasuslandanna og Mið-Asíu). Reglugerð EEA mælir svo fyrir að skörun við störf annarra stofnana beri að varast. Því skiptir miklu máli að EEA þrói og skipuleggi starfsemi sína í samvinnu við viðkomandi alþjóðastofnanir, stjórnarskrifstofur alþjóðaráðstefna og lönd utan sambandsins til að tryggja að viðkomandi starfsemi á sviði umhverfismála sé samhæfð eins og vera ber til að tryggja gagnsemi hennar. Þessu mun fylgja mikil aukning á miðlun reynslu, frekari þróun sameiginlegrar aðferðafræði og markvissari sameiginleg þjónusta og afurðir.

Forgangsmálefni næstu fimm ára hjá EEA verða:

(a) Stuðningur við markaða stefna ESB gagnvart Evrópulöndum utan Sambandsins

Að efla gagnkvæma miðlun umhverfisupplýsinga og reynslu í tengslum við einstök umhverfisvandamál, aðferðir, ramma utan um tiltekna starfsemi og fleira, milli ESB og landanna í Suðaustur-Evrópu, Miðjarðarhafslöndanna og AEKMA (Austur-Evrópu, Kákasuslandanna og Mið-Asíu), að meðtöldum aðgerðum við að koma á og treysta sambönd og samvinnu við stofnanir,

bæði alþjóðlegar og bundnar ákveðnum svæðum. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- bættu aðstöðu til að setja saman upplýsingar og miðla þeim í Suðaustur-Evrópu samkvæmt CARDS áætluninni;
- útgáfu sameiginlegra þáttatengdra tilkynninga með UNEP;
- framlög til UNEPs '4th Global Environmental Outlook (GEO-4)' sem gefið verður út 2006–07;
- bættu aðstöðu til að setja saman upplýsingar og miðla þeim í AEKMA löndunum samkvæmt ferlinu 'Environment for Europe' og þátttaka í fjórðu skýrslunni 'pan-European assessment 2007';
- mat á umhverfisáhrifum fríverslunarsvæðisins Euro-Mediterranean (sem áætlað er að stofna árið 2010).

(b) Stuðningur við starf ESB út á við er snertir sjálfbæra þróun

Að styðja, í samvinnu við ýmsar alþjóðastofnanir, aðgerðir til að leggja mat á hvaða áhrif Evrópulöndin hafa á umhverfisástand á svæðum utan Evrópu með tilliti til sjálfbærrar þróunar, og til kannana á því hvernig til tekst við að nálgast markmiðin sem sett voru um aldamótin, og jafnframt með tilliti til hnattrænnar ábyrgðar. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- samvinnu við UNEP í tengslum við GEO skýrslurnar og sameiginlegu tilkynningarnar;
- þróun gagnafylgis til að styðja við gerð vísitalna um alþjóðleg málefni.

(c) Þróun samvinnu til stuðnings alþjóðlegri stjórnun umhverfismála

Að treysta í sessi, með samvinnu, sameiginleg ferli við að koma á framfæri upplýsingum, í því skyni að efla samþættingu stefnumörkunar í umhverfismálum á hnattrænum vettvangi. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- að einfalda alþjóðlega skýrslugerð, og gera hana virkari, með því að gera og styrkja samninga við alþjóðlegar stofnanir og ráðstefnur um tiltekin stefnumótunarsvið;
- að efla samvinnu við stofnanir Sameinuðu þjóðanna, OECD, alþjóðlegar fjármálastofnanir, og Eurostat, til að tryggja betri samræmingu alþjóðlegrar skýrslugerðar og framsetningu sameiginlegra upplýsinga;
- að vinna með WHO og US EPA til að styðja uppbyggingu þekkingar á sviði heilbrigðis- og umhverfismála.

Stuðningur við sjálfbæra þróun og stefnumótun í umhverfismálum

Að undanfögnu hefur umhverfisstefnumótun farið fram innan ýmissa formlegra ramma, eins og til dæmis Cardiff og Lissabon ferlanna, Sjöttu umhverfisaðgerðaáætlunarinnar og stefnumörkun ESB fyrir sjálfbæra þróun. Auk þess hefur ýmisskonar pólitísk þróun, eins og stækkun ESB, hnattvæðing efnahagslífsins og setning sjálfbærra markmiða með tilliti til sóknaráætlana, gert hlutina flóknari og framtíðina óræðari. Fyrst og fremst hefur verið tekið á þáttum eins og efnahagsmálum og félagslegum vandamálum, en ástandi umhverfismála hefur miklu síður verið sinnt innan annarra sviða sem stefna hefur verið mótuð fyrir. Af þeim sökum verður stofnunin nú að taka tillit til samþættingar, óvissu og varúðarsjónarmiða í öllum aðgerðum sínum.

Ef stefnumótun fyrir sjálfbæra þróun á að vera skynsamleg verður hún að byggjast á bættum upplýsingum og aðferðafræði fyrir mat á hinum ýmsu þáttum sem áhrif hafa á umhverfið, og að auki verður að beita spágreiningu. Einnig mun gefast tækifæri til að þróa betur samþætta matsaðferðir fyrir ný umhverfismál sem upp koma. Stofnunin mun, í samvinnu við aðila sem hagsmunum eiga að gæta, þróa líkön til

að sjá fyrir margskonar niðurstöður núverandi og væntanlegar stefnumótunar fyrir umhverfismál og sjálfbæra þróun.

Forgangsmálefni næstu fimm ára hjá EEA verða:

(a) Sjálfbær þróun

Að styðja við mat og skýrslugerð um framfarir í tengslum við stefnumótun ESB á sviði sjálfbærrar þróunar, þar á meðal í tengslum við hin erfiðu verkefni sem fylgja stækkun Sambandsins og sérstök ferli í hinum einstöku löndum.

Að setja starf EEA að matsmálum í betra samhengi fyrir sjálfbæra þróun með því að búa til viðmiðunarreglur, með því að setja fram fullkomnari upplýsingar um viðmiðunargildi hinnar sjálfbæru þróunar, og með því að efla skilning á félagslegri ábyrgð.

Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- mat á því hvernig til hefur tekist að ná markmiðunum með tilliti til Sjöttu umhverfisaðgerðaáætlunarinnar, Cardiff og Lissabon ferlanna, markaðrar stefnu ESB fyrir sjálfbæra þróun, og með tilliti til þeirra atriða er tengja þessa þætti saman;
- tenginga milli EEA/Eionet og viðkomandi félagslegra og efnahagslegra tenglaneta og sérfræðingahópa;
- greiningu og dreifingu upplýsinga og viðmiðunarreglna fyrir sjálfbæra þróun og mat á sjálfbærum háttum;
- greiningu sjálfbærrar þróunar út frá efnahagslegum forsendum;
- Spálíkön fyrir framvinduna á Evrópuvettvangi og innan svæða.

(b) Stækkun ESB fylgja erfiðar ákvarðanir

Að styðja við innlimunarferlið á árinu 2004 og kröfur ESB í framhaldi af því. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- stuðning við innlimunarferlið árið 2004;
- þá þætti í Sjöttu umhverfisaðgerðaáætluninni er lúta að stækkun ESB;
- að fylgjast með stækkunarferlinu eftir 2004.



(c) Þverskurðarmat með reglulegu millibili

Samkvæmt reglugerðinni sem EEA starfar eftir, mun stofnunin gefa út á fimm ára fresti skýrslu um ástand og horfur í umhverfismálum Evrópu, að viðbætti reglulegri útgáfu vísitölumiðaðra skýrslna um sérstök málefni. Þessu verður haldið áfram til að styðja við fyrirhugaða áætlanagerð og einkum og sér í lagi endurskoðun Sjöttu umhverfisaðgerðaáætlunarinnar á miðju tímabilinu (2006). Auk þess munu aðgerðir beinast að því að mæla framfarir og setja upp viðmiðanir. Aðalútgáfur verða

- *Skýrsla um ástand og horfur í umhverfismálum (2005)*
- Árlega Umhverfisvísibendigaskýrslan
- Stutt umhverfismálayfirlit frá EEA
- Önnur smárit um stefnumótunarmál

(d) Matsgerð eftir geirum atvinnulífsins

EEA mun leitast við að uppfæra reglulega skýrslur um það hvernig miðar að ná undir- og yfirmarkmiðum er felast í hverjum forgangspætti Sjöttu umhverfisaðgerðaáæ

tlunarinnar og helstu þáttunum í Cardiff ferlinu. Þar verður einnig greint frá framtíðarhorfum og gerður samanburður milli landa og landsvæða. Greint verður frá niðurstöðum og því hvaða lærdóma má draga af framkomnum upplýsingum. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- vísitölumiðuð skýrslugerðarferli fyrir, samgöngur, landbúnaðinn og orkugeirann í fyrsta áfanganum;
- aðferðafræði og góð ráð viðvirkjandi gagnasamræmingu fyrir samanburð á geirum atvinnulífsins milli landa og landssvæða;
- greiningu og dreifingu upplýsinga um bestu aðferðir.

(e) Greining á virkni mótaðrar stefnu

Til að efla skilning á áhrifum og virkni mótaðrar stefnu með því að hvetja til upplýsingaskipta um framkvæmd mótaðrar stefnu og með því að þróa markvisst mat á völdum aðgerðum er snerta stefnumörkun fyrir umhverfismál. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- tilraunaverkefni (t.d. stefnumörkun í sambandi við borgarskólp og umbúðir) — tekið tillit til efnahagslegra þátta;
- greining á blöndun stefnumiða sem gefið hafa góða raun og á kross-samræmingu í samvinnu við helstu samstarfsaðila, þar á meðal OECD;
- stuðning við tenglanet Umhverfisstofnana í Evrópu þ.m.t. greining á framkvæmd tiltekinnar markaðrar stefnu í aðildarríkjunum;
- stofnun tenglanets sérfræðinga í stefnumótunargreiningu til að efla þróun aðferðafræðilegra leiðbeininga og ramma fyrir virknimat á stefnumiðum.



(f) Ný umhverfismál, verkefnaskrár fyrir rannsóknir og skönnun sjóndeildarhringsins

Að setja fram með reglulegu millibili mat á nýjum umhverfismálum, svo að vísbendingar frá vísindum og tækniframförum verði tekin með í umfjöllun um stefnumótun. Að efla skilning og árvekni í sambandi við ný umhverfismál hjá ákveðnum markhópi til að mynda stuðning á fyrstu stigum viðbragða við stefnumótun.

Skilningur vaknar á helstu nýju umhverfismálunum sem fyrst er fjallað um í tengslum við vísindarannsóknir, vöktun, áhyggjur hjá almenningi og greiningu á markaðri stefnu. Af því leiðir að farið er að greina þessi mál og rannsaka þau. Áhersla verður lögð á eftirfarandi:

- umhverfistæknifræði í tengslum við aðlögun að loftslagsbreytingum og orkumál;
- fylgjast með útbreiðslu og áhrifum erfðabreyttra lífvera;
- vísindalegar aðferðir til að fást við óvissu í markmiðasetningu.



(g) Framtíðarmyndir og -rannsóknir

Að þróa og greina fjölda framtíðarmynda til að styrkja mat á horfum umhverfismála í Evrópu og á afleiðingum helstu stefnumótunarvalkosta.

Að koma upp kerfisbundnum aðferðum til að kanna sennilega framtíðarþróun svo að hægt verði að sjá allra fyrstu vámerki, ný umhverfismálefni og hugsanlega óvænta þróunarstefnu.

Áhersla verður lögð á eftirfarandi.

- þróun samfelldrar framtíðarmyndar á umhverfismál í Evrópu;
- ítarleg greining framtíðarmyndar helstu málefna (t.d. breytingar á landnýtingu með tilliti til loftslagsbreytinga og orkuþarfir og sjóflutninga á viðkvæmum hafsvæðum. Dæmi; Norðurðíshafið og Miðjarðarhafið);
- nákvæm útfærsla á því hvernig almenningur og hagsmunaaðilar geta komið að þróun og mati framtíðarmynda.



Fjárhags- og starfsmannasjórn

Stefnumörkun EEA fyrir árin 2004–2008 byggist á þeirri tilgátu að grundvallarfjármögnunin muni aukast smátt og smátt, þ.e. um 5 % á ári að meðaltali. Ef gert er ráð fyrir heildarverðbólgu u.þ.b. 2 % og að hækkun launaliða hjá EEA verði milli 4 og 5 % á næstu árum, verður niðurstaðan sú að við 3 % hækkun framlags verði grunnfjárráðin óbreytt.

Gert er ráð fyrir að á 2 % viðbótar sé þörf til að standa undir auknum útgjöldum til að bæta gagnaflæðiðskýrslugerðina og gera það virkari, og ennfremur til að bæta gæðaeftirlitið og að styðja betur við stefnumörkun í umhverfismálum.

Stofnunin mun halda áfram að hafa forystuna í því að gera nýju aðildarlöndin virk í Evrópusamstarfinu, einkum Sviss og löndin í Suðaustur-Evrópu. Gert er ráð fyrir þessari landfræðilegu útvíkkun ásamt samvinnu við önnur lönd og víðtækari vinnu sem snýr að hinum ýmsu geirum atvinnulífsins, og hún metin eins og lögð er áhersla á í töflunni. Fjármagni verður einnig varið til að auka getu nýju

aðildarlandanna að sinna umhverfismálum og samstarfi. Haldið verður áfram að efla samskiptin við stjórnarskrifstofur hinna ýmsu geira atvinnulífsins — einkum orku-, samgöngu-, landbúnaðar- og fiskveiðigeiranna. Sá möguleiki að taka upp samvinnu við aðila innan iðnaðargeirans er einnig fyrir hendi.

Stofnunin leggur einnig áherslu á nútímalegri aðferðir við stjórnun mannaflans þar sem aðalatriðið er að hann sé aðal auðlindin. Þessu fylgir mikil áhersla á þjálfun og starfsframamöguleikum, áframhaldandi uppbyggingu stjórnunarhæfni og aukinn skilning á því hvað það er sem mestu máli skiptir í starfsemi. Vegið punktakerfi verður eitt af helstu verkfærunum sem notuð verða til að fylgjast með frammistöðu innan stofnunarinnar og til tjáskipta um afköst og frammistöðu hennar. Auk þess er EEA nú að hefja umhverfissjórnun samkvæmt kerfi fyrir stjórnun og endurskoðun umhverfisstjórnunar (EMAS), sem draga mun enn frekar úr umhverfisálagi stofnunarinnar sjálfar og að auki tengjast samvinnu hennar við iðnað og birgja. Stjórnun og frekari vinna við að fullkomna áætlanastjórnun er ofarlega á forgangslista EEA, þar sem lögð er áhersla á fullkomlega aðgerðamiðaða stjórnun og fjárlagagerð. Endurskoðunar- og endurgjafarferlin verða samþætt stjórnunaraðferðunum.

Á næstu fimm árum mun stofnunin halda áfram að starfa í aðstöðu þeirri er hún hefur að Kongens Nytorv 6 í Kaupmannahöfn. Húsakynninn rýma sem 155 starfsmenn og verður því hámarki náð á tímabilinu.



Fjárhagsáætlun

Fjárframlög

Ár	Grunnframlag ESB	Framlag ríkja utan ESB	Samvinna umsóknarríkja	Aðrar aðal-stjórnarskrifstofur	Heildar fjármagn
2004	27 200	3 900		500	31 600
2005	28 600	4 900	1 000	1 000	35 500
2006	30 000	5 000	2 000	1 500	38 500
2007	32 200	4 400	2 000	1 500	40 100
2008	33 700	4 500	2 000	1 500	41 700

Starfsfólk

Ár	Heildarfjöldi ráðinna starfsmanna
2004	115
2005	125
2006	135
2007	145
2008	150

Nánari skýringar við fjárhagsáætlunina:

- Sviss gengur í EEA árið 2005;
- gert er ráð fyrir að Búlgaría og Rúmenía gangi í ESB og frá þeim tíma verða bein framlög þeirra á hverjum tíma hluti af grunnframlagi EEA;
- gert er ráð fyrir að beinum framlögum til samvinnu í Suðaustur-Evrópu frá og með 2005 og hugsanlega framlögum annarsstaðar frá fyrir löndin lengra í austri og sunnan Miðjarðarhafs;
- gert er ráð fyrir beinum framlögum frá aðal-stjórnarskrifstofum geira atvinnulífsins frá og með 2005, fyrst frá aðal-stjórnarskrifstofu landbúnaðarins og síðan koma hinar á eftir.

Helstu skjöl EEA

Framtíðarsýn EEA	Stefnumörkun EEA 2004–2008	Árleg stjórnunar-áætlun	Vefur EEA www.eea.eu.int
Æskilegt ástand hvað varðar umhverfis-upplýsingar í framtíðinni	Aðal markmið næstu 5 ára í tengslum við framtíðarsýn okkar hvað varðar umhverfis-upplýsingar	Forgangs-málefni okkar, markmið og áætluð notkun aðfanga á næsta ári	Veitir upplýsingar um umhverfið og starfsemi okkar
Ársskýrsla/ Skýrsla um starfsemina á árinu	Árleg umhverfis-skýrsla	Notenda-skuldbindigar	Hálfsárs-rekstrarskýrsla
Yfirlit ársins, þ.m.t. árangur í að ná markmiðum	Árangur í að takmarka okkar eigin áhrif á umhverfið á árinu (hefst 2004)	Skuldbindingar okkar gagnvart stofnunum í Evrópu utan og innan aðildarríkja EEA, svo og gagnvart samfélaginu	Ítarlegri úttekt á rekstrar-frammistöðu auk yfirlits yfir fjárhagsleg atriði og ráðstöfun mannauðs

Stefnumörkun í tengslum við gögn (2004)

Öllum er frálst að nálgast á vef EEA þau gögn sem notuð eru í efni sem EEA sendir frá sér, að því tilskildu að í samningnum EEA við aðilann sem leggur til gögnin séu ekki takmarkanir á aðgengi eða notkun gagna. Nýjar EEA afurðir á vef EEA hafa að geyma tengingar við upphafleg gögn eða, ef um er að ræða takmarkanir á aðgengi eða notkun, tengingar að upplýsingum um aðilann sem gögnin eru komin frá.

Umhverfisstofnun Evrópu

Stefnumörkun EEA 2004–2008

Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities

2003 — 28 pp. — 21 x 29.7 cm

ISBN 92-9167-655-1

